

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð Dýralæknafélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júlí 1968.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vísindasjóð Dýralæknafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Sigurð Einarsson Hlíðar, yfirdýralækni og konu hans Guðrúnu Louisu Hlíðar. Stofnfé er kr. 80 000.00.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Dýralæknafélags Íslands (D. Í.).

3. gr.

Sjóðstjórn skipa eftirtaldir þrír dýralæknar:

1. Yfirdýralæknir, sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar.
2. Einn dýralæknir úr stjórn D. Í.
3. Einn dýralæknir kosinn af aðalfundi D. Í.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Hann skal ávaxta með því að kaupa fyrir hann bankavaxtabréf, bréf gefin út eða tryggð af rikissjóði, eða á annan jafn öruggan hátt, að dómi sjóðstjórnar.

5. gr.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða með sama hætti og reikninga Dýralæknafélags Íslands.

6. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal jafnan leggja þriðjung við höfuðstólinn, en tveimur þriðju má úthluta á hverju ári.

Verði minni upphæð úthlutað eitthvert ár, leggst afgangurinn af vöxtunum við höfuðstól.

Þó skal sjóðstjórn heimilt að úthluta vaxtaupphæð annað hvort ár, og má þá greiða tvo þriðju hluta vaxta tveggja ára í einu. Frá því höfuðstóllinn nær kr. 250 000.00, má veita árlega alla vexti hans.

7. gr.

Höfuðstólinn skal, að öðru leyti, efla með frjálsum gjöfum eða áheitum.

8. gr.

Af úthlutunarfénu má veita íslenskum dýralæknum styrk, til framhaldsnáms, til vísindastarfa á dýralæknasviðinu eða sem verðlaun fyrir ritgerðir um skyld mál, byggðar á sjálfstæðum rannsóknum.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 4. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1975 (á nírræðisafmæli Sigurðar E. Hlíðar).

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.